

Ein flaska af Hulstkamp genever, sem málinu fylgir, skal upptæk til handa ríkissjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1969.

Nr. 21/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurði Marteini Eyjólfssyni

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki verður talið, að ákærði hafi leitt að því sterkar líkur, að þær tvær flöskur af áfengi, sem fundust við leit í bifreiðinni R 9108 L aðfaranótt laugardagsins 9. marz 1968, hafi ekki verið ætlaðar til sölu. Samkvæmt sönnunarreglum 4. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1954 eru því eigi skilyrði til að sýkna ákærða. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sigurður Marteinn Eyjólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. desember 1968.

Ár 1968, mánudaginn 16. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 590/1968: Ákærvaldið gegn Sigurði Marteini Eyjólfssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 15. október 1968, gegn ákærða, Sigurði Marteini Eyjólfssyni leigubifreiðarstjóra, Hverfisgötu 123, Reykjavík, fæddum 17. júní 1925 að Húsatóftum á Skeiðum, Árnessýslu, fyrir áfengislagabrot með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 9. marz 1968 haft meðferðis í bifreiðinni R 9108 L tvær flöskur af áfengi, eina af Witterkampf genever og eina af ákavíti, sem ákærði þykir hafa ætlað til sölu, en áfengið fundu lögreglumenn við leit í bifreiðinni.

Telst þetta varða við 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengisлага nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á nefndu áfengismagni samkvæmt 2. mgr. i. f. 42. gr. áfengisлага og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1947 11/6 í Árnessýslu: Sátt, 60. kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.
- 1948 19/4 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1948 19/4 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. reglugerðar nr. 131/1937.
- 1955 17/1 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
- 1956 14/6 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga.
- 1959 4/11 í Reykjavík: Sátt, 50. kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
- 1960 22/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 219. gr.

hegningarlaga, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 49. gr. umferðarlaga.

1961 29/6 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1962 21/7 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

1964 24/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 9. marz 1968, klukkan 0140, stöðvuðu lögreglumenn, sem kváðust öðru fremur hafa verið að huga að leynivínsölu, bifreiðina R 9108 á Skólavörðustíg hér í borg, en stjórnandi bifreiðarinnar var ákærði, sem ekur henni sem leigu-bifreið frá Borgarbílastöðinni. Löggæzlumenn óskuðu eftir að fá að framkvæma leit að áfengi í bifreiðinni, og leyfði ákærði slíka leit. Við leitina fundust tvær flöskur af áfengi, ein flaska af Witterkampf genever, verð kr. 470.00, og ein flaska af ákavíti, verð kr. 345.00. Ákærði skýrði lögreglumönnum svo frá, að hann hefði keypt vínið í Á. T.V. R. við Snorrabraut daginn áður og ætlað að drekka það sjálfur einhvern næstu daga.

Vitnin Friðrik Svavar Hermannsson lögreglumaður, Kleppsvegi 136, Reykjavík, og Sigurður Jónsson lögreglumaður, Hraunbæ 24 hér í borg, báru fyrir dómi, að ákærði hefði haft tvær áfengisflöskur í leigubifreið sinni, sem hann kvaðst ætla að neyta sjálfur.

Ákærði neitaði að hafa haft í hyggju að selja greindar áfengisflöskur, kvaðst hafa ætlað þær til neyzlu um helgina með bróður sínum og fleira fólki, en ekki hefði þó fyrirfram verið ákveðið að neyta vins. Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómssátt, en hann hafnaði því.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður ekki talið, að ákærði hafi fært að því nægar líkur í skilningi 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954, að nefndar áfengisflöskur hefðu ekki verið ætlaðar til sölu. Er háttsemi hans rétt lýst í ákæru og varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru rakin.

Refsing ákærða er ákveðin 4.075.00 króna sekt til Menningar-sjóðs, en vararefsing varðhald 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Áfengisflöskur þær, sem málinu fylgja, skulu upptækar til ríkissjóðs.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórar-inssonar hæstaréttarlögmans, krónur 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Marteinn Eyjólfsson, greiði kr. 4.075.00 sekt til Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi 4 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Áfengisflöskur þær, sem málinu fylgja, skulu upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1969.

Nr. 54/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Ásgeiri Halldóri Pálmasynt Hraundal

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarmennir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ásgeir Halldór Pálmason Hraundal, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns,